



156 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 30. september 2020 kl. 10:00 að Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi og í gegnum fjarfundabúnað.

Mætt voru: Lilja B. Ágústsdóttir, Davíð Sigurðsson, Ástríður Guðmundsdóttir, Einar Brandsson og Atli Svansson voru á fundarstað. Á Teams voru; Bára Daðadóttir, Brynja Þorbjörnsdóttir, Eyjólfur I. Bjarnason, Sif Matthíasdóttir, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson og Björn Hilmarsson.

Auk þess sat Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV fundinn og ritaði fundargerð.

Lilja Ágústsdóttir, formaður SSV, setti fund kl. 10:00.

1. Fundargerð 155 fundar stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 155 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

2. Haustþing SSV

Rætt um dagskrá og fyrirkomulag á Haustþingi SSV sem verður í Dalabyggð föstudaginn 16. október. Stjórn samþykkti framlagða dagskrá.

3. Fjárhags- og starfsáætlun SSV fyrir árið 2021

Lögð fram tillaga að fjárhags- og starfsáætlun SSV fyrir árið 2021. Stjórn ræddi báðar tillögur. Tillögurnar með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum verða sendar til kynningar hjá sveitarfélögunum og teknar til endanlegrar umræðu á fundi stjórnar SSV 15. október n.k.

4. Ályktanir Haustþings SSV

Rætt um vinnu við ályktanir á Haustþingi SSV. Stjórn fól framkvæmdastjóra að láta vinna fyrstu drög að ályktunum og setja af stað umræðu um ályktanirnar í vinnuhópunum á Temas fyrir haustþingið.

5. Sóknaráætlun Vesturlands

Lagt fram yfirlit yfir úthlutanir Uppbyggingarsjóðs Vesturlands til öndvegisstyrkja og styrkja til nýsköpunar í atvinnulífi haustið 2020. Upplýsingar um styrkveitingarnar eru á heimsíðu SSV.

6. Umsögn um skýrslu um stöðu og hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga

Lögð fram umsögn landshlutasamtaka við skýrslu vinnuhóps sem skipaður var af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu til að skoða stöðu og hlutverk landshlutasamtakanna. Stjórn hafði áður rætt drög að umsögn á fundi sínum 26. ágúst s.l. og veitt formanni og framkvæmdastjóra umboð til að vinna áfram að þessu máli sem gert var í samstarfi við önnur landshlutasamtök

7. Nýsköpun á Vesturlandi

Stjórn SSV samþykkti í gegnum tölvupóst að veita fyrirtækinu Skaginn 3x nýsköpunarverðlaun SSV árið 2020. Stjórn staðfesti ákvörðunina. Einar Brandsson lýsti sig vanhæfan og tók ekki þátt í atkvæðagreiðslu.

Töluverð umræða varð almennt um nýsköpun á Vesturlandi og þær breytingar á umhverfi nýsköpunarmála á landsvísu sem er í farvatninu. Atvinnu- og nýsköpunarráðherra hefur lagt fram frumvarp um breytingar á nýsköpunarumhverfinu sem er komið inn í samráðsgátt.

8. Samgönguáætlun Vesturlands

Lagðar fram tilnefningar í vinnuhóp um endurskoðun á Samgönguáætlun Vesturlands. Fram kom að Hvalfjarðarsveit hefur óskað eftir því að fulltrúm í vinnuhópnum verði fjölgað. Stjórn samþykkti breytingar á erindisbréfi hópsins sem felur í sér að fulltrúum er fjölgað úr 5 í 7.

Eftirtaldir hafa verið tilnefndir í hópinn:

Akraneskaupstaður	Gísli Gíslason
Hvalfjarðarsveit	Guðjón Jónasson
Borgarbyggð/Skorradalur	Sigurður Guðmundsson
Dalabyggð	Sigríður Skúladóttir
Snæfellsnes	Jakob Björgvin Jakobsson
	Kristinn Jónasson
Formaður skipaður af SSV	Lilja B. Ágústsdóttir

9. Samstarfssamningar sveitarfélaga á Vesturlandi

Undanfarið hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið haft til skoðunar samstarfssamninga sveitarfélaga með hliðsjón af nýjum sveitarstjórnarlögum. Sveitarfélögunum á Vesturlandi hafa borist ábendingar um þá samninga sem þarfnast endurskoðunar og hafa þau óskað eftir því að SSV taki að sér að halda utan um endurskoðunina. Stjórn samþykkti að SSV taki að sér umsjón með endurskoðun þessara samninga.

10. Framkvæmdir á vegum ríkisins á Vesturlandi

Lagt fram minnisblað um framkvæmdir á Vesturlandi sem voru hluti af átaksverkefni stjórnvalda vegna Covid 19. Stjórn fagnar því að í tengslum við þetta verkefni hafi komið fjárveitingar til vegaframkvæmda og viðhalds vega, hafnarframkvæmdir, viðhald á húsnæði í eigu ríkisins o.fl. Í tengslum við þetta verkefni er áætlað að fara í 600 m.kr. framkvæmdir við Skógarstrandarveg árið 2021. Stjórn leggur þunga áherslu að þetta gangi eftir og að fljótlega á árinu 2021 verði hægt að halda áfram framkvæmdum við Skógarstrandarveg.

11. Styrkur úr byggðaáætlun

SSV hefur hlotið styrk að upphæð 2 m.kr. úr byggðaáætlun til þess að gera úttekt á því hvort hægt sé að byggja upp heilstætt samgöngukerfi innan Vesturlands með því að geta samnýtt skóla-, tólmstundaakstur og almenningssamgöngur. Stjórn fagnaði styrkveitingunni og samþykkti að leggja 1.2 m.kr. úr áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands um samgöngur sem mótframlag við styrkinn úr byggðaáætlun.

12. Menningarstefna Vesturlands

Framkvæmdastjóri kynnti að í undirbúningi er að hefja vinnu við endurskoðun á menningarstefnu Vesturlands. Stjórn hvatti til þess að endurskoðunin yrði unnin í góðu samstarfi við sveitarfélögin og hagaðila á Vesturlandi.

13. Heilbrigðisnefnd Vesturlands

Lagt fram bréf frá umhverfisráðuneytinu varðandi mögulega stækkun á umdæmi heilbrigðiseftirlits Vesturlands, en til skoðunar er hvort Kjósarhreppur verði hluti af umdæminu. Stjórn ræddi málin og samþykkti að bjóða sveitarfélögunum að nýta sér SSV sem vettvang fyrir frekari samræður um erindið.

14. Breytingar á umdæmum héraðsdýralækna

Rætt um breytingar MAST á umdæmum héraðsdýralækna. Stjórn SSV er undrandi á því að ekki hefur verið kallað eftir samtali við sveitarfélögin á Vesturlandi vegna þessara breytinga sem fela í sér að vesturumdæmi er lagt niður og starfsstöð eftirlitsdýralæknis flutt til Hafnarfjarðar. Jafnframt er Dalabyggð færð undir norðvesturumdæmi og eftirlitsdýralækni á Sauðárkróki. Stjórn SSV samþykkti eftirfarandi bókun:

Stjórn SSV gagnrýnir harðlega að hvorki hafi verið haft samráð við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi eða sveitarfélögin þegar ákvörðun um breytingar á umdæmum héraðsdýralækna hafi verið ákveðin . Ljóst er að sú ákvörðun að færa starfsstöðvar opinberra starfa til höfuðborgarsvæðisins frá landsbyggðinni er í ósamræmi við boðaða stefnu stjórnvalda sem snýr að því að auka framboð opinberra starfa út á land til að styrkja byggðarsjónarmið. Stjórn hvetur Matvælastofnun til að endurskoða þá ákvörðun sína að umdæmisskrifstofa S-Vestursvæðis sé á höfuðborgarsvæðinu og að tryggt verði samráð við sveitarfélögin og þjónustuþega varðandi áframhaldandi vinnu.

Framkvæmdastjóra falið að koma þessari bókun á framfæri við MAST og kalla eftir skýringum á þessari ákvörðun stofnunarinnar. Auk þess var honum falið að kynna þessa bókun fyrir þingmönnum Norðvesturkjördæmis og landbúnaðarráðherra

15. Framlögð mál

- a. Fundargerð frá fundi stjórnar Sorpurðunar Vesturlands.

Fundi slitið kl. 12:20.